Clark Terry með ungu blóði



Jazz

eftir Vernharð Linnet

Lengi hafði landinn beðið hingað komu Clark Terrys og stórhljómsveitar hans og það var líka mikil stemmning í Háskólabíói á föstudagskvöldið var. Hljómsveitin lék í næstum þrjá tíma með túndri og elegans.

Þetta er ung hljómsveit í orðsins fyllstu merkingu, hljóðfæraleikararnir kornungir og komu fyrst saman fyrir tveimur mánuðum til að æfa fyrir sex vikna Evrópuferð, sem lauk í Reykjavík. Það þarf vel skólaða tónlistarmenn til að valda slíku verkefni og enginn þurfti að kvarta, æskufjörið var mikið, brasskýling á la Basie og meira að segja vinkona okkar allra Stella By Starlight var blásin á fullu af Garry Blackman og bandinu. Í honum kristölluðust einkenni einleikaranna ungu, gott vald á hljóðfærinu, kraftur og sveifla en ljóðrænan fjarri og stillinn enn ómótaður.

Clark Terry gerði vel við ungmennin og flest þeirra blésu fleiri en einn sóló. Kvenbarrýtonistinn Diane De Rosa blés í minningu Harry Carneys og hæfði tónn hennar vel meistaranum. Miður tókst með túlkun altistans Danny House og bandsins á Blóðgreifa Billy Strayhorns, að minnsta kosti í eyrum þeirra er handgengnir eru minningarskífu Ellingtons um vin sinn: „...And His Mother Called Him Bill" þar sem Hodges syrgði „Swee' Pea". Hin sársaukafulla ballaða var hvergi nærri. Verk þetta var frumflutt í júní 1967 og lék Clark Terry þá sem gestur með Ellingtonbandinu. Þetta var síðasta verk sem Strayhorn sendi frá sér og var einfaldlega kallað Manuscript, nafn fékk það ekki fyrr en eftir dauða Strayhorns.

Annar Hodgesópus var á efnisskránni: Jeep's Blues. Þá var meistarablásarinn Chris Woods stiginn á fjalirnar og leiddi okkur í allan sannleika um hvernig blús skyldi blása. Öllum til skemmtunar muldruðu þeir Terry Oll-Ya-Koo einsog Dizzy og Kenny Hagood forðum, þá Hear That Rainy Day og Chris Woods yfirgaf sviðið alltof fljótt. Söngkonan unga Michal Beckham kom syngjandi I Got It Bad, a la Nell Brookshire og gerði það nokkuð vel. Hún og bandið sungu líka A Tisket A Tasket einsog Ella og Webb-liðið og yljaði það mörgum gömlum geggjaranum um hjartarætur. Undir lokin blés Clark Terry sönginn um Flintstone og frú þegar flauelstónarnir hrísluðust um heilabúið saknaði maður þess eins að sólóar meistarans voru of fáir þetta kvöld.



„....maður saknaði þess eins að sólóar meistarans voru of fáir, þetta kvöld".

Chopin - Argerich

Frédéric F. Chopin:
Píanósónata nr. 2 í b-moll, op. 35.
Píanósónata nr. 3 í h-moll, op. 58
Einleikari: Martha Argerich
Útgefandi: Deutsche Grammophon 2531 289 (1977)



Hljómplötur - Klassík

eftir Halldór Björn Runólfsson

Gildi þessarar hljómplötu er fólgið í fjölmörgum atriðum. Fyrst er að telja þann kost, að báðar stóru píanósónötur Chopins eru hér samankomnar á einni plötu og gefst mönnum þannig tækifæri á að bera verkin saman í flutningi eins og sama píanóleikarans. Annar kostur eru upptökurnar. Þótt átta ár skilji þær að (en báðar eru Polydor-upptökur), eru tóngæðin afbragðsgóð og hvergi er að finna hnökra né óskýran hljóm. Báðar hliðar eru teknar upp í sama tónstyrk og virðist enginn merkjanlegur munur vera á upptökunum.

Þá er að geta einleikarans, Mörthu Argerich, en hún er meðal þeirra pianista sem hvað skilmerkilegast hafa flutt hinn rómantíska anda 19. aldarinnar yfir á hljómplötur, hin síðari ár. Hún er fædd í Buenos Aires (Argentínu), árið 1941. Átta ára gömul var hún orðin konsertsólóisti og meðal kennara hennar má nefna rússneska pianistan Nikita Magaloff, Austurríkismanninn Friedrich Gulda og ítalska snillinginn Arturo Michelangeli. Slík fylking ólíkra skóla ásamt ríkri skaphöfn Argerich, lífsþrótti og krafti, færa hana í hóp fremstu túlkenda píanótónlistar. Hún hlaut 1. verðlaun í Busoni-keppninni árið 1957 og sama ár varð hún sigurvegari alþjóðlegu keppninnar í Genf og er slíkt afrek ágætur mælikvarði á hæfni hennar.

Það getur virst hjákátlegt að kynna slíkan túlkanda sem unnendur klassískrar tónlistar ættu og hljóta að þekkja. En úr því hafið er, má geta í tengslum við þessa hljómplötu, að Martha Argerich krónaði sigurgöngu sína, með því að krækja í 1. verðlaun alþjóða Chopin-keppninnar í Varsjá 1965. Það má því ætla að Chopin sé hér í góðum höndum.

Chopin samdi fyrri sónötuna í b-moll, 1839, ári eftir að hann kynntist frönsku skáldkonunni George Sand (Aurore Dupin eða Dudevant barónessu). Sónatan mun vera samin á setri hennar, Nohant nálægt Chateauroux í Mið-Frakklandi og hvatinn að henni er talinn vera frelsisbarátta Pólverja.

Þrátt fyrir að þessi sónata sé álitin heilsteyptari en sú í h-moll, fékk hún slæma útreið hjá R. Schumann sem sagði hana vart sónötu, heldur „sambræðslu fjögurra olnbogabarna". Víst er að Chopin var búinn að semja hinn fræga sorgarmars sem sjálfstætt verk, þegar árið 1837. Þykir tenging hans við restina því nokkuð vandræðaleg. Hitt gat Schumann og öðrum vart sést yfir, að lýrísk uppbygging verksins er afar frumleg tilraun til að sætta andstæða póla hljómborðsins. Eða eins og Chopin tjáði einum vina sinna: „Hægri og vinstri höndin ræðast við í bróðerni."



H-moll sónatan er eina verkið sem Chopin samdi árið 1844. Hann var þá staddur í París, í þrengingum sem stöfuðu af kólnandi sambúð við G. Sand og kennslustörfum sem dreifðu um of, kröftum hans. Þetta kemur fram í vissu moði forsendna sem að verkinu liggja og gera það nokkuð sundurleitt og óöruggt í byggingu. En líkt og í fyrri sónötunni er hinn sterki lýríski undirtónn aldrei langt undan og frá og með largo-kaflanum, rís verkið í æðra veldi og fullan styrk. Auk rómantísks yfirbragðs, tvinnar Chopin stúdíur sínar á pólyfóníu Bachs og útsetningum Mozarts, saman við fyrsta kaflann.

Óþolinu og spennunni sem fram kemur í báðum sónötunum (einkum þeirri fyrri), tekst Argerich að skila á meistaralegan hátt. Í stað þess að vinna mót flöktandi og kvikri kaflaskiptingu b-moll sónötunnar, þenur hún andstæð stefin til hins ýtrasta. Hún hefur líka full efni á slíku. Hin finlegu mótíf, allt frá „doppio movimento" til hins óræða niðurlags innan um hina þungu áslátturkafla, njóta sín til fullnustu í meðförum hennar.

Ríkt skap og léttur en áherslumikill hljómur, er einkenni útfærslu Argerich á h-moll sónötunni og hin dæmalaust þróttmikla túlkun hennar á fyrsta kaflanum (allegro maestoso) og fyrrnefndum finalekafla (Presto, ma non tanto), væri ein sér, ríkulega plötunnar virði.

Þótt menn vilji ætla að sónötur Chopins jafnist vart á við ballöður hans og scherzo, frá sjónarmiði uppbyggingar, lýsa þau betur en flest önnur verk hans togstreitunni milli hins rómantíska og klassíska eðlis. Þær eru einnig lifandi dæmi um sálarástand manns sem þjakaður af tæringu, bar örlög föðurlands síns á herðum sér út í sjálfskipaða útlegð.

Norrænar konur



Myndlist

eftir Halldór Björn Runólfsson

Að Kjarvalsstöðum hafa Norrænar konur opnað sýningu á verkum sínum og er þetta allstór yfirlitssýning á breiðu úrtaki margra kynslóða. Það er fjölmennur hópur fulltrúa frá hverju landi fyrir sig og m.a. taka sex listamenn frá Íslandi þátt í þessari sýningu, þær Valgerður Bergsdóttir, Sigríður Björnsdóttir, Edda Jónsdóttir, Borghildur Óskarsdóttir, Bergljót Ragnars og Björg Þorsteinsdóttir.


Greinilegur undirtónn þessarar sýningar er barátta fyrir viðurkenningu kvennalistar, þ.e. listar þeirra kvenna sem jafnframt hafa þurft að sinna öðrum verkefnum og ekki getað fullkomlega helgað sig myndlistinni. Alla vega virðist mér það vera inntakið í vali Íslendinganna til þessarar sýningar.

Erfitt er að fara í sterkar greiningar á því, hvaða þjóð skili hér bestri vinnu. Þrátt fyrir allt hefur hvert land sína sérstöðu sem merkjanleg er, þegar heildin er skoðuð. Þó er það einkennandi hversu mjög íslenskar listakonur sækja út fyrir landsteinana í framhaldsmenntun og gjarnan út fyrir Skandinavíu. Það eru aðeins hinar eldri, meðal kynsystra þeirra á Norðurlöndum sem stundað hafa nám utan hins norræna menningarsvæðis. Flestar hinna yngri hafa látið sér nægja heimaland sitt. Þetta má sjá greinilega þegar íslenska framlagið er borið saman við framlag hinna. Hvergi er að finna neinn sterkan þjóðlegan né hefðbundinn þátt í fulltrúum Íslands.

Valgerður Bergsdóttir kemst einna næst því að kallast þjóðleg. Þ.e.a.s. ef maður vill kalla krúna þjóðlegan fugl. Annars eru verk hennar svo persónuleg og tjáningartákn þeirra svo altæk, að einu gildir hvar hún hefði verið niður komin á kúlunni, Valgerður hefði alltaf fundið sína krúu. Svo er og um verk Eddu Jónsdóttur, Skilaboðin og útfærslan eru alþjóðlegs eðlis, nærmar myndraðir hennar skýra sig sjálfar hvar sem er (allavega í Brasilíu, eftir nýjustu sápunni í sjónvarpinu að dæma). Þá eru verk Bjargar Þorsteinsdóttur þess eðlis, að þau tengjast beint þeim formrænu tilraunum sem málarar um allan heim hafa verið að fást við undanfarna áratugi. Myndir Bjargar eru rökvisst máluðar og tilþrifin eru fólgin í nærnu, en eitruðu litavalisem oft minna á Mortensen.

Það sem kom mér þó mest og skemmtilegast á óvart, var framlag þeirra Bergljótar, Borghildar og Sigríðar. Kannski er það ókunnugleiki minn við fyrri verk þessara kvenna sem gerir verk þeirra svo nýstárleg. Bergljót Ragnars sýnir einhverja best heppnuðu sambræðslu minimal-málverks og conceptúal-listar sem ég hef augum barið hér á landi. Verk hennar minna kannski á Larry Poons að einhverju leyti, nema hvað þau eru mun líflegri. Borghildur Óskarsdóttir nálgast einnig hreint concept, þótt ljósmyndir hennar séu um leið afar ljóðrænar og geti þess vegna staðið sem óhlutbundin verk. Hugmyndin um konu með andlitsfarða er skilmerkilega útfærð, þannig að Borghildi má skoða sem rísandi stjörnu innan þessa hóps. Sigríður Björnsdóttir er af allt öðru sauðarhúsi. Verk hennar eða smámyndir eru hefðbundin, en eitthvað er það sem gerir þessa miniatúra stóra í smæð sinni. Kraftmikil útfærsla og næmt efnisskyn gera þessi landslagsverk að þeim bestu sem ég hef séð í langan tíma.

Það sem áður var sagt um skort á þjóðlegum eða hefðbundnum viðfangsefnum í list Íslendinga, á svo sannarlega ekki við um Finna. Það er greinilegt að hefðbundin alþýðulist á sterkan hljómgrunn í finnskri nútímalist. Þetta gerir list Finna nokkuð innhverfa, en þegar best lætur verður hún allsérstæð og frumleg. Fyrir utan Sigrid Schauman, þessa langlífu og hugljúfu listakonu, eru það einmitt tradisjónalistar á borð við Saara Tikka og Pirkko Valo sem halda framlagi þjóðar sinnar á lofti. En of mikil rýni í hefðbundna list, gæti með tímanum reynst hættuleg nútíma málurum.



Eitt af framlögum íslensku listakvennanna, Bergljótar Ragnarsdóttur.

Danska framlagið er öllu sundurlausara. Það er raunar fyndið að hugsa til þess, að Íslendingar hafi farið til Danmerkur til að vikka sjóndeildarhringinn. Þó eru hér konur eins og Anna Klindt-Sörensen, með frábært framlag. Kirsten Christensen, Kit Mosegård-Bruun og Ursula Reuter-Christiansen sýna einkar geðþekka og nokkuð frumlega vinnu.

Norðmenn ætla seint að komast fram úr honum Munch sínum. Þó sýna þær Aase Gulbrandsen, Mette Schau og Tonje Ström sannfærandi og oft snörp tilþrif. Einkum eru verk hinnar síðastnefndu sem standa upp úr framlagi samlanda hennar.

Lestina reka svo Svíar, með afar misjafnt pródúkt, jafnvel svo að manni finnst sem þeir hljóti að hafa sent hingað blandslið sitt í listinni. Vera Nilsson og Lenke Rothman bera uppi þetta fjölmenna lið. Án þeirra væru sænskar konur illa staddar.

Það sannast s.s. með þessari sýningu, hve Skandinavar hefðu gott af að líta rétt út fyrir landsteinana. Eins og ég gat um áður, virðast það vera elstu fulltrúarnir frá Norðurlöndunum sem hafa að bera mesta viðsýni og sýna snörpustu tilþrifin, meðan yngri kynslóðir draga sig inn í skel dreifbýlishyggju. Það er því sannarlega íslenska framlagið sem skarar fram úr. En sem heild er sýningin skemmtileg og athyglisverð og það besta sem þar er sýnt nægir til að mæla með henni.